

Minnisblað um fjölgun í dagdvöl Ísafold

Dagsetning 4.apríl 2023

Eins og kemur fram í 1. gr í samstarfssamningi Sjómannadagsráðs og Garðabæjar dagsettum 26.mars 2019, þá stefndu aðilar að því að fjölga dagvalarrýmum úr 20 í 30. Hrafnista sótti fljótlega um aukningu á rýmum en fékk synjun frá Sjúkratrygginum Íslands. Í ljósi umræðu heilbrigðisráðherra um þjónustugildi dagdvala og mikilvægi þeirra, viljum við nú gjarnan sækja aftur um aukningu þar sem þörfin er brýn í sveitarfélaginu.

Hugmyndir okkar er að fjölga rýmum úr 20 í 30 þannig að rými fyrir einstaklinga með heilabilun fari úr 4 í 8 og almenn rými fari úr 16 í 22. Þessi stækkun kallar á fjárfestingar í búnaði s.s. stólum og öðru lausamunum sem þarf að skoða í samvinnu við Garðabæ. Einnig kallar þetta á það að stækka rýmið þar sem morgunmatur og hádegismatur er fram borinn (þar sem bakaríið var statt áður). Þar þarf að taka út milliveggi inni í uppþvottaaðstöðu og færa uppþvottavél inn í framreiðslueldhúsið.

Búið er að skoða hvernig breyting á skipulagi verður og teljum við að fjölgun í dagdvöl muni ekki hafa áhrif á gæði þjónustunnar nema síður sé.

Það er okkar mat að dagdvöl sé frábært úrræði sem leið til að viðhalda eða auka andlega, félagslega og líkamlega heilsu eldri borgara í Garðabæ sem styður um leið þá sömu einstaklinga til að búa lengur heima. Þetta hefur einnig önnur áhrif, t.d. má nefna minna álag heimahjúkrun og heimaþónustu, bæði þegar kemur að fjölda heimsóknna en eins vegna þess að einstaklingur viðheldur sinni sjálfsbjargargetu meir en þeir sem ekki sækja slíka virkni utan heimilis. Almenn er mikil ánægja með þetta úrræði hjá þjónustuþegum og aðstandendum þeirra.

Til að ýta enn frekar á að umsókn um fjölgun nái fram að ganga viljum við bera það upp við Garðabær að Hrafnista og Garðabær sækja sameiginlega um aukningu á dagdvalarrýmum þannig að beiðni um fjölgun í dagdvöl á Ísafold hljóti frekar framgang. Við óskum jafnframt eftir samtali við fulltrúa Garðabæjar um útfærslu á þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað til að þessi stækkun sé gerleg.

Fh. Hrafnistu
María Fjola Harðardóttir
Forstjóri Hrafnistu